

* Endurgreiðsla aðflutningsgjalda

Úrskurður nr. 3/2009

Kærður er úrskurður tollstjóra um synjun endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af fimm ökutækjum sem flutt voru úr landi. Kærandi krefst endurgreiðslu aðflutningsgjalda. Ríkistollanefnd staðfesti niðurstöðu tollstjóra.

Með faxbréfi sem barst ríkistollanefnd 9. ágúst s.l. kærir L. f.h. A. úrskurð tollstjóra nr. 9/2009, dags 9. júní 1999. Í hinum kærða úrskurði hafnar tollstjóri endurgreiðslu vörugjalda og virðisaukaskatts af fimm ökutækjum sem flutt voru úr landi. Synjun tollstjóra byggir á að um hafi verið að ræða tjónabifreiðar og að ekki hafi gefist tími til að skoða þær áður en útflutningurinn átti sér stað. Kærandi krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og honum endurgreidd gjöld skv. reglugerð nr. 1144/2008.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir að í seinni hluta desember 2008 hafi kærandi keypt fimm bifreiðar sem voru allar umskráðar á hann samdægurs. Um hafi verið að ræða bifreiðar af gerðinni: Toyota Aygo, árg. 2008 með fastanúmer YZ-041, Nissan Micra, árg. 2008 með fastanúmer NR-G15, Toyota Corolla, árg. 2007, með fastanúmer TM-080, Toyota Yaris, árg. 2006, með fastanúmer UB-459 og Honda Accord Sedan, árg. 2007, með fastanúmer DG-522. Bifreiðarnar voru allar skráðar hjá Umferðarstofu sem tjónabifreiðar. Þá segir að þann 7. janúar sl. hafi kærandi undirritað umsóknir um endurgreiðslu vörugjalda og virðisaukaskatts af bifreiðunum vegna útflutnings. Þessum umsóknum hafi verið skilað af kæranda sama dag til Skattstjórans í Reykjavík, en hann hefur skrifstofur að Tryggvagötu 19 líkt og Tollstjóri. Umsóknirnar bárust Tollstjóra þann 8. janúar 2009 sem samdægurs hafi óskað eftir vöruskoðun við tollgæslu. Þegar sinna átti beiðninni hafi flutningsfarið þegar verið fermt svo ómögulegt hafi verið að skoða ökutækin. Þá hafi starfsmönnum tollstjóra verið gefnar þær upplýsingar af starfsmanni farmflytjanda að ástand og útlit ökutækjanna hafi verið ákaflega slæmt þannig að ákveðið hafi verið að skoða þær ekki. Þá sé í sendingartilkynningu farmflytjanda, til útflytjanda, tiltekið að ökutækin eru skráð sem „badly damaged“ (mikið skemmdar). Flutningsfarið fór frá landi seinni part dags hinn 9. janúar 2009. Myndir og atvikalýsingar sem tollstjóri aflaði af ökutækjunum staðfesta að ökutækin voru mikið skemmd eftir umferðaróhöpp og að mati starfsmanna tollstjóra uppfylla þau því ekki skilyrði fyrir endurgreiðslu.

Tollstjóri segir að kærandi byggi kröfu sína um endurgreiðslu á því að hann telji að skilyrði fyrir endurgreiðslu vörugjalda og virðisaukaskatts hafi verið uppfyllt og að bifreiðarnar fimm hafi verið í gangfæru ástandi þegar þær voru fluttar úr landi. Ennfremur haldi hann því fram að upplýsingagjöf embættisins hafi verið ábótavant. Þá hafi ekki komið fram að sérstök skoðun bifreiðanna væri skilyrði fyrir endurgreiðslu. Þá er því haldið fram að kærandi hafi fengið ónógar og villandi upplýsingar um hvar og hvenær skila skyldi umsóknum um endurgreiðslu gjalda.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að umsóknum um endurgreiðslu hafa verið formlega hafnað af starfsmanni embættisins þann 13. janúar 2009. Á umsóknareyðublöðunum sé gefin upp sú ástæða að ökutækin hafi ekki verið endurgreiðsluhæf og er vísað í gögn frá Umferðarstofu og eins að ekki hafi verið hægt að skoða ökutækin þar sem flutningsfar var fullfermt og farið frá Reykjavík þegar til átti að taka.

Tollstjóri segir í úrskurði sínum að með lögum nr. 140/2008 hafi bæst við ný ákvæði til bráðabirgða við lög um vörugjald af bifreiðum nr. 29/1993 og lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Ákvæði þessi tóku gildi þann 15. desember sl. Samkvæmt þeim sé heimilt að endurgreiða vörugjald og virðisaukaskatt af vélknúnum ökutækjum sem flutt séu úr landi. Heimild til endurgreiðslu gjaldanna gildir til og með 31. desember 2009 og annast tollstjórinn í Reykjavík, nú Tollstjóri, endurgreiðsluna. Í reglugerð nr. 1144/2008 um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af ökutækjum sem flutt eru úr landi er að finna nánari útfærslu á bráðabirgðaákvæðunum.

Ágreiningur í þessu máli snúist um hvort bifreiðarnar hafi uppfyllt skilyrði laganna um að ástand þeirra hafi verið í samræmi við eðlilega notkun og aldur til þess að geta notið endurgreiðslu. Ofangreind bráðabirgðaákvæði kveði á um að eitt af skilyrðum fyrir slíkri endurgreiðslu gjalda af ökutækjum sé að

ástand ökutækis sé í samræmi við eðlilega notkun og aldur. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 140/2008 komi fram að ákveðnar kröfur verði gerðar til ástands ökutækjanna til að koma í veg fyrir misnotkun. Þá komi fram að tollstjórar meti ástand bifreiðanna við útflutning og að fyrriséð verði að töluverð vinna fari í að meta og kanna ástand ökutækja í samræmi við 1. mgr. 1. gr. Þá komi fram í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar að Tollstjóra sé heimilt að endurgreiða eiganda áður skráðs, vélknúins ökutækis vörugjald og virðisaukaskatt af því, enda hafi það verið afskráð og flutt úr landi og ástand þess sé í samræmi við eðlilega notkun og aldur að mati Tollstjóra. Þetta skilyrði sé undirstrikað enn fremur í 3. gr. reglugerðar nr. 1144/2008, þar sem kveðið sé á um frekari skilyrði fyrir endurgreiðslu. Þar komi fram í 1. tl. 2. mgr. að ökutækið skuli skoðað af tollgæslunni fyrir útflutning og falli réttur til endurgreiðslu niður ef sú skoðun á sér ekki stað, sbr. 5. mgr. 1. gr. Með skoðuninni eigi starfsmenn embættisins m.a. að ganga úr skugga um að ástand ökutækis sé í samræmi við eðlilega notkun og aldur, auk þess að tryggja að bifreiðin fari í raun úr landi. Um sé að ræða matskennda ákvörðun, þar sem starfsmenn Tollstjóra meta ástand ökutækisins.

Í máli þessu sé um að ræða fremur nýlegar bifreiðar af árgerðum 2006-2008. Ekki sé um það deilt að umræddar bifreiðar voru allar tjónabifreiðar og hafa verið skráðar sem slíkar hjá Umferðarstofu. Fyrir liggja vinnuskjöl starfsmanna embættisins um að þegar beiðni barst þeim um skoðun á ökutækjunum, þann 8. janúar 2009, hafi þá þegar verið búið að skipa þeim í flutningsfarið sem flutti þau úr landi. Skipið hafi verið fullhlaðið og því ekki hægt að skoða bifreiðarnar án mikilla tafa og kostnaðar. Ljóst sé því að umsóknin og þar með beiðni um skoðun ökutækjanna var of seint fram komin. Það sé á ábyrgð útflytjanda að koma umsókn um endurgreiðslu tímanlega til tollstjóra svo unnt sé að framkvæma skoðun á ökutækjunum.

Tollstjóri segir í hinum kærða úrskurði að almenn málnotkun á orðinu eðlileg veiti ekki rými til að telja að ökutæki, sem orðið hafa fyrir umtalsverðu tjóni vegna umferðaróhappa, geti talist vera í ástandi sem er í samræmi við eðlilega notkun og aldur, þá einkum ökutæki sem séu öökuhæf. Þá hafi því hvorki verið haldið fram né gögn lögð fram sem sýni fram á að gert hefði verið við ökutækin til að gera þau ökuhæf áður en þau voru send úr landi. Við ákvörðun málsins hafi ekki verið hægt að taka tillit til þeirra gagna sem bærust frá kæranda með tölvupósti þann 15. maí 2009, þar sem staðfest sé að gert hafi verið við bifreiðarnar í Litháen, því skilyrði fyrir endurgreiðslu sé að ástand ökutækjanna sé í samræmi við eðlilega notkun og aldur að mati tollstjóra við útflutning. Þetta komi greinilega fram í því skilyrði 1. gr. og 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 1144/2008 að ökutækin þurfa að hafa verið skoðuð af tollgæslu áður en þau eru flutt úr landi. Því var umsóknum um endurgreiðslu vörugjalds með réttu hafnað með vísan til ákvæðis nr. XI í lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og ákvæði til bráðabirgða nr. XIII í lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Hins vegar snýst ágreiningur í fyrirliggjandi máli um hvort upplýsingagjöf embættisins hafi verið ábótavant. Eins og fram kemur hér að ofan heldur kærandi því fram að hann hafi verið í stöðugu sambandi við starfsmann embættisins vegna fyrirhugaðs útflutnings á bifreiðunum í u.þ.b. þrjár vikur. Á þeim tíma hafi honum aldrei verið bent á að skoðun bifreiðanna af starfsmanni embættisins væri skilyrði fyrir endurgreiðslu og að starfsmaður embættisins hafi leiðbeint honum um að fara í „hinn enda hússins“ þann 7. janúar þegar hann ætlaði að skila inn umsóknum um endurgreiðslu. Þetta hafi orðið til þess að hann skilaði umsóknum á rangan stað og þar af leiðandi hafi skoðun verið ómöguleg.

Ekki sé hægt að fallast á þá fullyrðingu kæranda að hann hafi ekki vitað að skoðun bifreiðarinnar væri eitt af skilyrðum fyrir endurgreiðslu vörugjalda og virðisaukaskatts við útflutning. Eins og áður hefur komið fram er um lögbundið skilyrði að ræða. Þar fyrir utan fyllti kærandi út rafrænt eyðublað E-30, sem er umsókn um endurgreiðslu gjalda samkvæmt ofangreindum skilyrðum, en á eyðublaðinu og leiðbeiningum með því er að finna þau skilyrði sem uppfylla þarf til þess að njóta endurgreiðslunnar. Ljóst er samkvæmt framangreindum röksemdum að kærandi getur ekki borið fyrir sig að hafa ekki vitað að skoðun tollgæslunnar á ökutækjunum væri skilyrði fyrir endurgreiðslu gjalda. Þá er einnig ljóst að embættið sinni að fullu skyldu sinni til upplýsingar og leiðbeininga skv. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Þá fellst tollstjóri ekki á að hægt sé að fallast á þá fullyrðingu kæranda að það sé á ábyrgð Tollstjóra að umsókn hafi fyrst borist embættinu þann 8. janúar 2009, þar sem kæranda hafi verið leiðbeint um að fara í „hinn enda hússins“ og því skilað umsóknum hjá embætti Skattstjórans í Reykjavík. Í byrjun fyrrgreindra leiðbeininga um umsókn um endurgreiðslu kemur fram að Tollstjóri sér alfarið um endurgreiðslur og skal sækja skriflega til hans um endurgreiðslu á eyðublaði E-30. Í næstu málsgrein segir að umsókn skuli skilað til embættis Tollstjóra, Tryggvagötu 19, Reykjavík. Á umsókninni sjálfri

stendur neðst „Frumrit – eintak tollstjóra“. Kærandi mátti því vera ljóst að umsókn bar að skila til embættis Tollstjóra. Þrátt fyrir að Skattstjórinn í Reykjavík hafi einnig vinnuaðstöðu að Tryggvagötu 19, í sama húsi og embætti Tollstjóra, er sá hluti hússins sem skrifstofur Skattstjóra eru í, merktur skilmerkilega. Ljóst er því að þau mistök kærandi, sem honum urðu á við skil á umsóknum voru ekki á ábyrgð embættis Tollstjóra og hafa ekki áhrif á rétt hans til endurgreiðslu.

Tollstjóri úrskurðar með vísan til þess sem rakið er hér að framan að ákvörðun hans um synjun um endurgreiðslu vörugjalda og virðisaukaskatts af ofantöldum ökutækjum, sem fluttar voru úr landi þann 9. janúar 2009 með sendingu nr. E DET 09 01 9 IS REY W075, er staðfest.

Í kæru umboðsmanns hinna útfluttu ökutækja (hér eftir nefndur kærandi) til ríkistollanefndar eru umræður á Alþingi um lög nr. 140/2008 og röksemdir fyrir þeim rakin svo og ákvæði reglugerðar nr. 1144/2008, sem sett var á grundvelli laganna. Kærandi telur augljóst af þeim umræðum og skýringum á lögnum að það hafi verið talið þjóðfélagslega hagkvæmt að flytja notaðar bifreiðar úr landi og að takmarkanir á útflutningnum áttu að vera sem minnstar og færstar.

Þá segir kærandi um þau rök tollstjóra að ekki hafi tekist að skoða ökutækin áður en þau voru flutt úr landi haldlittlar, ekki geti hann borið ábyrgð á því að starfsmenn tollstjóra hafi ekki skoðað ökutækin. Fram hafi komið að kærandi hafi verið í reglulegu og daglegu sambandi við starfsmann Tollstjóra bæði fyrir og eftir síðustu áramót. Umsóknir um endurgreiðslu hafi verið boðsendar til Tollstjóra 7. janúar sl. Af ástæðum sem Tollstjóri verður að bera ábyrgð á var kærandi ranglega látinn fara með umsóknirnar til embættis skattstjóra og ber móttökustimpill þess embættis þeirri staðreynd merki. Það tafðist því um sólarhring að umsóknirnar bærust tollstjóra, þó upphaflega hafi verið farið með þær á réttan stað. Á því ber embætti tollstjóra ábyrgð en ekki kærandi. Engu að síður komu umsóknirnar 8. janúar til embættisins, væntanlega fyrri hluta dags. Skipið sem flutti bifreiðarnar úr landi fór úr höfn seinni part dags 9. janúar. Rætt var sérstaklega við starfsmann embættisins síðla morguns 9. janúar til að undirstrika að skipið færi úr höfn seinna þennan sama dag. Greinilegt var að starfsmaðurinn vissi af því. En seinna sama dag var enn rætt við sama starfsmann og sagði hann þá bifreiðarnar væru tjónabifreiðar og fullnægðu þar með ekki skilyrðum um eðlilegt ástand. Virðist sem sú skráning bifreiðanna hafi orðið til þess að starfsmenn tollstjóra reyndu aldrei að skoða bifreiðarnar, þó að tilgreind ástæða höfnunar sé m.a. að bifreiðarnar hafi ekki verið skoðaðar.

Kærandi telur að það sé alfarið á ábyrgð Tollstjóra að bifreiðarnar voru ekki skoðaðar. Seinangangur starfsmanna hans og rangar upplýsingar við afhendingu umsóknanna séu atvik sem óheimilt er að láta umsækjanda endurgreiðslu bera ábyrgð á. Í reglugerðinni séu engin skilyrði um það að umsókn verði að hafa borist með svo og svo miklum fyrirvara fyrir brottför flutningsskips úr höfn. Þvert á móti sé það tollstjóra á hverjum stað að bregðast snögg við, um leið og umsókn berst, og sjá til að bifreiðarnar séu skoðaðar. Þrátt fyrir að hafa fengið ranga leiðsögn um hvar ætti að skila umsóknum hafi þær borist Tollstjóra í tæka tíð og átti starfsmönnum hans að vera í lófa lagið að skoða bifreiðarnar.

Varðandi þau rök tollstjóra að bifreiðarnar séu tjónabifreiðar þá vill kærandi koma eftirfarandi á framfæri. Í áður nefndum lögum og þeirri reglugerð sem sett var með stoð í þeim sé gerð krafa um það að bifreiðarnar sem fluttar séu úr landi séu í ástandi sem sé í samræmi við eðlilega notkun og aldur að mati tollstjóra. Kærandi telur að ökutækin sem deilt er um endurgreiðslu á hafi verið í slíku ástandi þótt þær séu tjónabifreiðar. Hefði það verið tilgangur með lagasetningunni að banna útflutning tjónabíla hefði orðið að taka það skýrt fram í lögnum. Það sé ekki gert.

Þá segir í kærinni að Ísland sé hluti að evrópska efnahagssvæðinu. Það er Litháen líka. Kærandi segir að það sé verulega hagkvæmara að gera við tjón ökutækjanna í Litháen. Það sé það sem hann ætlar sér að gera. Ekkert sé því til fyrirstöðu að tollstjóri geri þá kröfu að sýnt sé fram á að viðgerðin verði raunverulega framkvæmd í Litháen og afgreiði ekki endurgreiðsluna fyrr en fyrir liggur að ökutækin hafa fengið skráningu þar í landi.

Kærandi segist ekki geta sætt sig við að endurgreiðslu sé hafnað eingöngu með þeim rökum að ökutækin séu tjónabifreiðar, en það sé í raun eini rökstuðningurinn sem tollstjóri byggir á. Höfnun á grundvelli þess að tollstjóri gaf sér ekki tíma til að skoða bifreiðarnar séu rök sem ekki er hægt að bera fyrir sig enda verulega íþyngjandi. Þá sé með vísan til þeirrar staðreyndar að bifreiðarnar hafa verið viðgerðar því mótmælt, sem á virðist byggt á hinum kærða úrskurði, að bifreiðarnar hafi verið ónýtar. Sú staðreynd að buið er að gera við bifreiðarnar hrekur þær fullyrðingar. Óski ríkistollanefnd eftir nánari gögnum, en send voru tollstjóra, til staðfestingar því að bifreiðarnar eru viðgerðar og þar með skráðar og ökufærar í Litháen, verða slík gögn að sjálfsgöngu send nefndinni. Varðandi fullyrðingar í úrskurði að bifreiðarnar hafi verið ónýtar þá mótmælir kærandi því harðlega og telur að framlögð gögn

staðfesta annað. Bifreiðarnar voru tjónabifreiðar en unnt var að gera við þær og var það gert í Litháen. Ef gert hefði verið við bifreiðarnar hér á landi og þær síðan fluttar út hefðu þær örugglega fullnægt skilyrðum endurgreiðslu. Viðgerðin fór hins vegar fram á hinu evrópska efnahagssvæði enda hagkvæmnisrök fyrir því að láta viðgerðina fara fram í því landi þar sem bifreiðarnar voru síðan skráðar og seldar. Kærandi telur að tollstjóra sé ekki stætt á því að neita endurgreiðslu með þeim rökum að bifreiðarnar hafi verið óökufærar þegar þær voru fluttar héðan.

Tollstjóra var send kærán til umsagnar þann 11. ágúst 2009 s.l., sbr. 4. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005. Tollstjóra var veittur frestur til 4. september 2009 til að skila inn greinargerð um kærana. Tollstóri óskaði eftir viðbótarfresti og var hann veittur til 19. september 2009. Í svari tollstjóra, sem barst nefndinni þann 18. september 2009, eru málsatvik rakin og farið yfir kröfur kæranda í málinu. Í greinargerð tollstjóra segir m.a. að með lögum nr. 140/2008 hafi bæst ný ákvæði til bráðabirgða við lög um vörugjald af ökutækjum nr. 29/1993 og lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Ákvæðin tóku gildi þann 15. desember sl. Samkvæmt þeim er heimilt að endurgreiða vörugjald og virðisaukaskatt af vélknúnum ökutækjum sem flutt eru úr landi. Heimild til endurgreiðslu gjaldanna gildir til og með 31. desember 2009 og annast tollstjórinn í Reykjavík, nú Tollstjóri, endurgreiðsluna. Í reglugerð nr. 1144/2008 um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af ökutækjum sem flutt eru úr landi er að finna nánari útfærslu á bráðabirgðaákvæðunum.

Þá segir í greinargerðinni að í 1. mgr. ákvæða til bráðabirgða komi fram að heimilt sé að endurgreiða vörugjald af áður skráðu vélknúnu ökutæki sem hafi verið afskráð og flutt úr landi enda sé ástand ökutækisins í samræmi við eðlilega notkun og aldur að mati tollstjóra. Í skýringum við 1. gr. laganna kemur fram að til að koma í veg fyrir misnotkun er lagt til að ákveðnar kröfur verði gerðar til ástands ökutækjanna sem nánar verði skilgreindar í reglugerð. Í 3. gr. reglugerðar nr. 1144/2008 er kveðið á um skilyrði fyrir endurgreiðslu en þar er m.a. kveðið á um að sækja skuli um endurgreiðslu hjá tollstjóra á þar til gerðu eyðublaði og að ökutækið skuli hafa verið skoðað af tollgæslunni fyrir útflutning. Skal skoðun fara fram þegar ökutæki hefur verið afhent farmflytjanda til útflutnings. Í 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar er svo kveðið á um að Tollstjóra sé heimilt að innheimta skoðunargjald vegna skoðunar á ökutækjum sem flutt séu úr landi samkvæmt reglugerð þessari. Skoðunargjald skal vera í beinu samræmi við kostnað við skoðun hvers ökutækis.

Tollstjóri tekur undir ábendingu kæranda að hvergi komi fram í lögnum að ekki megi vera um tjónabifreiðar að ræða, né heldur sé tilgangur laganna að banna útflutning á tjónabifreiðum. Útflytjendum sé frjálst að flytja út ökutæki, sem orðið hafa fyrir tjóni. Þau uppfylli hins vegar ekki skilyrði fyrir endurgreiðslu aðflutningsgjalda skv. fyrrgreindum lagaákvæðum.

Þá segir að ekki sé fullyrt í hinum kærða úrskurði að ökutækin væru ónýtt. Heldur hafi verið vísað til þess að starfsmaður flutningsaðila hafi sjálfviljugur veitt tollvörðum, sem komu til að skoða ökutækin, þær upplýsingar að þau væru ónýtt. Þar sem ökutækin voru þegar komin í flutningsfar og því ekki aðstæður til skoðunar, þótti þetta ástæða til öflunar frekari upplýsinga um þau. Hins vegar voru ökutækin, eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði og sjá má á myndum, sem teknar voru af starfsmanni fyrri eiganda ökutækjanna, VÍS, óökuhæfar þegar þær voru fluttar úr landi. Ljóst sé af ákvæðum þeim, sem gilda um endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ökutækjum, sem seld eru úr landi, að heimildirnar gilda aðeins fyrir þau ökutæki, sem eru í ástandi í samræmi við aldur og notkun, eins og þau eru þegar þau eru flutt úr landi. Af þessari ástæðu m.a. er kveðið á um að starfsmenn Tollstjóra skoði ökutækin áður en þau eru send úr landi. Rétt sé að áréttu að um er að ræða skoðun, sem útflytjandi ber ábyrgð á að verði gerð, þar sem um skilyrði er að ræða sem hann verður að uppfylla, til að eiga rétt á endurgreiðslu í samræmi við fyrrgreind ákvæði. Það er vegna þessa sem að í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 1144/2008 er sérstaklega kveðið á um heimild Tollstjóra til að innheimta skoðunargjald vegna skoðunar á ökutækjum sem flutt eru úr landi samkvæmt reglugerðinni. Skoðunargjald skal vera í beinu samræmi við kostnað við skoðun hvers ökutækis.

Tollstjóri segir ekki hægt að fallast á að starfsmenn hans hafi ekki gefið sér tíma til skoðunar ökutækjanna, eins og nánar sé rakið í hinum kærða úrskurði. Ekki sé rétt að starfsmenn Tollstjóra hafi tekið skráningu bifreiðanna sem tjónabifreiðar sem ástæðu til að skoða þær ekki, heldur fengust þær upplýsingar fyrst þegar reynt var að skoða ökutækin eins og þegar hefur verið rakið.

Sú staðreynd, að gert hafi verið við ökutækin í Litháen, eftir að þau voru flutt úr landi, breyti engu um endurgreiðsluhæfi þeirra skv. fyrrgreindum ákvæðum, en ljóst sé af orðanna hljóðan að einungis ökutæki, sem uppfylli skilyrði um aldur og ástand þegar þau eru flutt úr landi, séu endurgreiðsluhæf skv. fyrrgreindum bráðabirgðaákvæðum. Sú rétta fullyrðing kæranda, að ef gert hefði verið við

bifreiðarnar áður en þær hefðu verið fluttar úr landi hefði orðið til þess að endurgreiðsluhæfi hefði verið náð, breytir engu hér um.

Tollstjóri krefst þess að hinn kærði úrskurður nr. 9/2009 verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi, dags. 21. september 2009. Var kæranda veittur frestur til 15. október 2009 að koma að athugasemdum við greinargerð tollstjóra. Kærandi nýtti sér ekki rétt sinn til andsvara.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Tollstjóri hafnar kröfu um endurgreiðslu virðisaukaskatts og vörugjalda, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 1144/2008 af fimm notuðum ökutækjum sem flutt voru til Litháen. Ökutækin voru öll skemmd eftir umferðaróhöpp. Kærandi krefst þess að úrskurður tollstóra verði felldur úr gildi og honum endurgreitt skv. tilvitnaðri reglugerð.

Heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts og vörugjalds af endurútluttum ökutækjum skv. lögum nr. 140/2008 tók gildi 15. desember 2008 og gildir til 31. desember 2009. Ákvæðið er eftirfarandi um endurgreiðslu vörugjalds sbr. l. nr. 29/1993. *“Heimilt er að endurgreiða vörugjald af áður skráðu vélknúnu ökutæki sem hefur verið afskráð og flutt úr landi enda sé ástand ökutækisins í samræmi við eðlilega notkun og aldur að mati tollstjóra. Fjárhæð endurgreiðslu skal miða við það vörugjald sem greitt var við innflutning ökutækisins. Sú fjárhæð skal lækka um 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð fyrstu 12 mánuðina eftir nýskráningu ökutækisins og 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir það þar til 100% fyrmingu er náð. Samanlögð endurgreiðsla vörugjalds samkvæmt ákvæði þessu og virðisaukaskatts samkvæmt bráðabirgðaákvæði XIII í lögum um virðisaukaskatt skal ekki vera hærrí en 2.000.000 kr. fyrir hvert ökutæki.”* Samhljóða ákvæði er í lögnum um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Þá er í lögnum ákvæði um að ráðherra skuli setja reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem nánari skilyrði fyrir endurgreiðslu, um ástand ökutækja, um gögn sem leggja þarf fram með umsókn um endurgreiðslu og um eftirlit og kærheimildir. Nánari útfærsla á framkvæmd endurgreiðslunnar var sett með reglugerð nr. 1144/2008. Í 1. mgr. 1. gr. tilvitnaðar reglugerðar segir: *“Tollstjóranum í Reykjavík er heimilt að endurgreiða eiganda áður skráðs vélknúins ökutækis vörugjald og virðisaukaskatt af því, enda hafi það verið afskráð og flutt úr landi og ástand þess sé í samræmi við eðlilega notkun og aldur að mati tollstjóra.”* Í 3. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um skilyrði endurgreiðslu, þar segir í 1. lið: *“Að ökutækið hafi verið skoðað af tollgæslunni fyrir útlutning. Skal skoðun fara fram þegar ökutæki hefur verið afhent farmflytjanda til útlutnings.”*

Hér er um að ræða tímabundið undanþáguákvæði í lögum, til endurgreiðslu aðflutningsgjalda, þ.e. tímabundin undanþága frá meginreglunni sem er að greiða gjald. Þegar af þessari ástæðu ber að beita heimildinni varlega og túlka fremur þröngt. Endurgreiðslan er háð tilteknum skilyrðum. Eitt skilyrðið er óumdeilanlega það að tollstjóri skoði ökutækið áður en til útlutnings kemur.

Ljóst er á málavaxtalýsingu að ökutækin voru ekki skoðuð áður en til útlutnings kom. Að mati ríkistollanefndar er það alfarið á ábyrgð kæranda að biðja um skoðun á ökutækjunum. Eðli máls samkvæmt hlýtur að þurfa að gera þá kröfu til kæranda að hann óski eftir skoðun svo tímanlega að það sé með góðu móti hægt að framkvæma hana af hálfu tollstjóra. Svo er ekki í því tilfelli sem hér er til umfjöllunar. Það er viðurkennt að kærandi sendi beiðni um skoðun á rangan stað þann 7. janúar 2009, þ.e. til Skattstjórans í Reykjavík. Þau mistök eru alfarið á ábyrgð kæranda. Sú fullyrðing tollstjóra að hann hafi mótttekið kærana þann 8. janúar 2009 og að þá hafi verið búið að ferma ökutækin um borð í flutningsfarið og ógjörningur hafi verið að skoða ökutækin nema með ærnum tilkostnaði, þ.e. að umstafla farmi, hefur ekki verið hrakin.

Það má því ganga út frá því, að mati ríkistollanefndar, að þegar tollstjóri fékk beiðni í hendur frá kæranda um skoðun 8. janúar 2009 var skoðun ökutækjanna í raun orðin óframkvæmanleg. Af því leiðir að tollstjóri gat ekki uppfyllt skilyrði reglugerðar um mat á hvort ökutækin hafi verið í því ástandi sem sé í samræmi við eðlilega notkun og aldur þeirra. Þar sem varan var ekki skoðuð, sem er forsenda fyrir endurgreiðslu, ber þegar af þeirri ástæðu að hafna henni að mati ríkistollanefndar.

Miðað við þau gögn sem fyrir liggja um ástand ökutækjanna m.a. myndir og lýsingar telur ríkistollanefnd allt að einu óhætt að draga þá ályktun, að enda þótt varan hefði verið skoðuð fyrir útlutning hefði töllyfirvöldum borið að hafna beiðni um endurgreiðslu á grundvelli laga nr. 140/2008, sbr. rgl. nr. 1144/2008 um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af vélknúnum ökutækjum sem flutt eru úr landi, þar sem ástand ökutækjanna var augljóslega mjög slæmt eftir harða árekstra og í

einu tilfelli veltu og getur því ástand ökutækjanna ekki talist eðlilegt og í samræmi við notkun og aldur þeirra.

Það að gert hafi verið við ökutækin síðar erlendis hefur ekkert með ákvörðun íslenskra tollýfirvalda að gera. Þá ber að áréttta varðandi ástand útfluttrar bifreiðar og hvort þær uppfylli lög og reglur um endurgreiðslu gjalda að það er háð mati tollstjóra hverju sinni.

Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 9/2009 um synjun á endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts af fimm ökutækjum sem flutt voru út þann 9. janúar 2009 staðfestur.